

„Gelgjuskeið“

Það er mikið um að vera hjá okkur hér í Skagafirði um þessar mundir. Reyndar svo að mér þykir á stundum nóg um. Þegar þessi orð eru skrifuð stendur fyrir dyrum opinber heimsókn forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar og frú Dorrit Moussaieff, dagana 14. og 15. apríl. Er vel við hæfi að fá heimsókn tiginna gesta til okkar hér í Skagafjörð þegar svo mikið er umleikis hjá okkur sem raun ber vitni. Því fylgir bæði ánægja og stolt að fá tækifæri til að kynna þau fjölmörgu viðfangsefni sem við erum að fást við og þá framtíðarsýn sem við höfum fyrir sveitarfélagið okkar. Það er ekki síður vel við hæfi að fá svo góða heimsókn þegar horft er til þess að við eigum afmæli um þessar mundir! Já, ég sagði afmæli, því sveitarfélagið okkar, Sveitarfélagið Skagafjörður, á nefnilega stórt afmæli, fyllir sinn fyrst tug á þessu ári og er því, ef svo má segja, að slíta barnsskónum og í raun komið á sitt fyrsta gelgjuskeið. Og hvernig lýsa gelgjuskeið sér? Jú, á þeim á sér stað mikil gerjun og ólga og þroskaferlið er hratt. Þannig er einmitt ástandið hjá okkur í dag sem ég hef trú á að þú, kæri lesandi, munir sjá og fá sterka tilfinningu fyrir við lestur þessa kynningarblaðs.

Það væri til að æra óstöðugan ef ég ætlaði mér í þessum pistli að fara yfir allt það sem unnið er að á hinum ýmsu ólíku sviðum, í skólamálum, atvinnumálum, umhverfismálum, menningarmálum, félags- og frístundamálum, ég gæti haldið hér lengi áfram, af nógu er að taka. Ég læt nægja að vísa til þess efnis sem kynningarblað þetta hefur að geyma en bendi jafnframt á heimasíðu sveitarfélagsins vilji menn kynna sér það sem við erum að fást við frá degi til dags betur.

Það er ekki laust við að því fylgi álag og streita þegar mikið gengur á og viðfangsefni eru svo mörg og ærin eins og nú. Fósturdóttir mín, Hjördís, ellefu ára, bráðum tólf, og því lítið eldri en sveitarfélagið okkar, kom til mín um það leyti sem ég var að skrifa þennan pistil og önnur ávörp sem ég var að vinna að á sama tíma, horfði á mig nokkra stund sínum fallegu brúnu augum og spurði síðan: „Gummi, ert þú að fara að halda ræðu?“ Hún hefur sjálfsagt orðið vör við að ég væri eitthvað stressaður. Ég svaraði því til að það væri rétt, til stæði að ég héldi einhver ávörp. Þá réttir hún mér einn af dýrgripunum sínum, lítinn bangsa sem situr á bleikum púða með rós í hendi og segir: „Þú mátt fá hann lánaðan. Þetta er lukkugripur. Hann hefur alla vega fært mér lukku“. Þó ég hafi aldrei haft sérstaka trú á lukkugripi mun ég hafa þennan hjá mér næstu daga,

ekki vegna hans sjálfs, heldur fyrst og fremst vegna þeirrar hugsunar og fórnfýsi sem láninu fylgja.

Þegar svo mikið er umleikis eins og ég hef hér lýst mæðir mjög á stjórnendum og starfsfólki sveitarfélagsins og öðrum þeim er við eigum samstarf við um hin ýmsu ólíku framfaramál. Vil ég nota tækifærið og koma á framfæri þakklæti til hlutaðeigandi fyrir þá vinnugleði og samkennd sem einkennt hefur starfið. Kynningarblað þetta lýsir vel því umhverfi sem við búum við hér og mannlífinu í Skagafirði um leið og það ber þess skýr merki hversu mikið er í þau verkefni lagt sem unnið er að í góðri samvinnu atvinnulífs, sveitarfélags og íbúa.

Ég lýk þessum skrifum með ósk og vissu um það að kynningarblað þetta gefi lesendum tilfinningu fyrir því sem við stöndum fyrir í þessum efnum og þeirri framtíðarsýn sem við höfum. Hér er gott að koma sem gestur en hér er fyrst og fremst gott að búa og lifa. Hér býr í dag gott fólk en á sama tíma vantar okkur enn fleira gott fólk til að byggja upp með okkur. Næg eru viðfangsefnin. Ég segi því: Verið velkomin í Skagafjörð, hvort heldur er sem gestir eða íbúar. Við tökum vel á móti ykkur.

Guðmundur Guðlaugsson
sveitarstjóri